

1. fundur starfshóps um starfsemi Öldunnar.

20. janúar 2020 kl. 15.00

Mættir: Finnbogi Leifsson, Friðrik Aspelund, Silja Steingrímsdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir og Inga Vildís Bjarnadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Kosning formanns
 2. Erindisbréf og hlutverk starfshópsins
 3. Tillaga að verkáætlun
 4. Tillaga að fundartíma
 5. Lög, reglugerð og sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
 6. Gæðamat á Öldunni – skýrsla
 7. Önnur mál
-
1. Silja Eyrúnu Steingrímsdóttir kosinn formaður hópsins.
 2. Farið yfir erindisbréf starfshópsins sem var samþykkt 29. nóvember 2019 og verkáætlun.
 3. Kynna verkefnið/starfshópin fyrir notendum og aðstandendum á fundi með notendum í vor.
 4. Fundartími verði ákveðinn fyrir hvern og einn fund, verði næst þriðjudaginn 11. febrúar kl. 15.00.
 5. Skv. lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir á sveitarfélagið að sjá fötluðum fyrir vernduðum vinnustað og hæfingu.
 6. Skýrsla um gæðaúttekt á Öldunni. Skýrslu var skilað seint á árinu 2019. Úttektaraðili var Ástríður Helga Erlendsdóttir þroskaþjálfari. Úttektin var gerð að frumkvæði Þjónusturáðs Vesturlands í málefnum fatlaðra með styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
 7. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15.55